

## Fundargerð 113. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 4. maí 2017 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Jón Jóhannsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Símon Guðvarður Jónsson, Brynjólfur Árnason, Örn Friðriksson og Kristmundur Skarphéðinsson.

Fjarverandi: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Andrés Bjarnason og Þorsteinn Hjálmarsson.

Í gengnum fjarfundabúnað: Samúel Ingvason og Guðmundur Sigurvínsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 112
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Aðalfundur VM 7. apríl 2017
4. Tillaga frá Reinhold Richter
5. Greiðsla til samninganefndar vélstjóra á fiskiskipum
6. Fulltrúa á málþing ASÍ
7. Lífeyrisréttindi, staðan gagnvart stjórnvöldum
8. Laganefnd VM
9. Lagt fram til upplýsingar
10. Önnur mál

### 1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 112

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

### 2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

Fundur með FIT og Samiðn vegna vélstjóra. Einnig var samstarfssamningur Samiðnar og VM. Ákveðið að fara yfir hann.

Útgáfuhófi vegna sögu vélstjórastéttarinnar.

Aðalfundur Sjómannadagsráð verður á næstunni.

Spurt var um forsenduákvæði kjarasamninga sem nú eru í gildi. Næsta forsenduviðmið er febrúar 2018 og ef samningar halda þá, gilda samningar VM út desember 2018.

### 3. Aðalfundur VM 7. apríl 2017

Aðalfundurinn gekk vel. Fundarstjóri hefur ekki lent í því áður að engin frummælandi mæti til að fylgja löglega tilkominni tillögu eftir.

Formaður ræddi einnig daga fyrir aðalfundi VM. Mörg félög eru með aðalfundi á virkum dögum.

Þó fundir séu haldnir um helgar eða á föstudagseftirmiðdegi hafa þeir ekki skilað betri mætingu.

Spurning hvort VM eigi að fara sömu leið. Rætt var um að skoða það að halda fjarfundi á völdum stöðum, eins og gert hefur verið á félagsfundum VM.

#### **4. Tillaga frá Reinhold Richter á aðalfundi VM 2017**

Farið var yfir tillögu Reinholds og bent á að þó stjórn festi tölu sem þessa þá gæti stjórn sjóðsins/VM breytt henni.

Það er niðurstaða stjórnar að ekki sé ráðlegt að festa greiðslur sem þessar heldur horfa til getu sjóðsins miðað við aðstæður hverju sinni.

#### **5. Greiðsla til samninganefndar vélstjóra á fiskiskipum**

Mismunandi hvernig og hvaða kostnað/tap samninganefnd báru en ákveðið að greiða þeim eingreiðslu.

#### **6. Fulltrúa á málþing ASÍ**

Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ boðar til málþings um félagsaðild, félagssvæði og samningsvið þann 22. maí 2017. Þátttakendur verða formenn aðildarféлага og sambanda innan ASÍ, tveir frá hverju félagi, formaður og annar að þeirra vali og formenn sambanda.

#### **7. Lífeyrisréttindi, staðan gagnvart stjórnvöldum**

Beðið er eftir lögum sem gera það mögulegt að leyfa fólki að velja hvort viðbótarframlagið fari í samtrygginguna eða séreign. Þarf að skilgreina hugtakið „bundna séreign“ í lögum. Loforð komið frá ráðherra um að klára lögina.

#### **8. Laganefnd VM**

Reglugerð fyrir laganefnd VM var endurskoðuð 2012, þ.e. tilnefning í nefndina. Reyndin er að lögfræðingur félagsins vinnur alla vinnuna svo nær væri að hafa hann sem formann. Samþykkt að breyta reglugerðinni í þá veru.

#### **9. Lagt fram til upplýsingar**

Fulltrúar VM hjá Birtu lífeyrissjóðs

Fulltrúar VM hjá Gildi lífeyrissjóðs

Umsögn mál 412

Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlit DRÖG Mars 2017

#### **10. Önnur mál**

Ekkert undir öðrum málum

Fundi slitið kl. 14:15

Fundarritari: Halldór Arnar Guðmundsson